

### Markmið

Markmið kennslunnar er að nemendur verði betur meðvituð um sjálf sig og stöðu sína í heiminum, svo og sögu og menningu í alþjóðlegu samhengi, til að þeir geti sem best uppfyllt þau hæfniviðmið sem Aðalnámskrá setur fram.

### Kennsluáðferðir/vinnulag

8 kennslustundir á viku að jafnaði. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti; beina kennslu, samvinnunám, leitarnám, verklegar æfingar, verkefnavinnu, kannanir og ýmislegt fleira. Upplýsingatækni rauður þráður í verkefnavinnu. Unnið í nokkrar vikur í senn í ákveðnum þemum og íslenska og upplýsingatækni samtvinuð.

### Námsmat

Námsmatið byggir á þeirri vinnu sem nemendur vinna í kennslustundum, bæði bóklegum sem og verklegum þáttum. Matsviðmið og hæfniviðmið um náttúrugreinar úr Aðalnámskrá eru höfð til hliðsjónar við mat á hæfni nemenda. Námsmatið er gert jafnt og þétt yfir kennslutímabilið og eru skráð með hæfnitáknum í Mentor.

### Námsgögn

I-padar, öpp, kennslubækurnar, ýmiskonar ítarefni af netinu sem og fræðslumyndir. Nánasta umhverfi skólans er nýtt til náttúruskoðunar og sögukennslu. Nemendur gera nokkrar tilraunir tengdar námsefni vetrarins og kynnast vísindalegum vinnubrögðum. Námsbækur, kortabækur, myndefni, verkefni frá kennurum, vefslóðir og leikir.